**Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur**
**Skólaárið 2024-2025**

**Kennari:** Særún Rósa Ástþórsdóttir
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing).

| Námslotur | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Lota 1 – ritun**<br>22. ágúst – 22. sept. | Nemandi geti<br>• Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.<br>• Samið texta frá eigin brjósti og beitt fjölbreyttu tungutaki í skapandi ritun.<br>• Valið textategund, skipulagt og orðað texta<br>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.<br>• Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.<br>• Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt. | Unnið með fimm meginreglur í ritun; efnisgreinar, lengd málsgreina, notkun hástafa, yfirlestur og uppsetning.<br><br>Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð.<br><br>Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta og textagerða.<br><br>Nemendur nýta vefforritið skramba við réttritun og yfirlestur.<br><br>Nemendur vinna með ritunarverkefni sín í samtali og samráði við kennara, leiðrétta málfar, stafsetningu og málfræði. | Ritunarverkefni: Bærinn minn – Suðurnesjabær.<br><br>Hugarkort og ritun eftir gönguferð.<br><br>Ritunaræfingar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lota 2 – lesskilningur**<br>23. sept. – 18. okt. | Nemandi geti<br>• Lesið fjölbreyttan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.<br>•Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. | Lesskilningur efldur með markvissum æfingum og textum af Skólavefnum (Litabækurnar).<br><br>Lesnir fjölbreyttir textar (Með fjaðrabliki) og unnið með innihald og efni. | Lesskilningsáætlun, verkefni úr Litabókunum.<br><br>Lesskilningskannanir.<br><br>Lesfimipróf. |
| **Lota 3 – lestur og bókmenntir**<br>21.okt. – 6. des. | •Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi og beitt mismunandi aðferðum við lestur.<br>•Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa<br>•Beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði. | Spurningakönnunin Hvernig lesari er ég? lögð fyrir nemendur, umræða um bókaval nemenda í frjálsbókalestri.<br><br>Valbókarverkefni að hausti; nemendur lesa bók sem valin er í samráði við kennara og vinna kjörbókarritgerð. | Kjörbókaritgerð. |
| **Lota 4 - málfræði**<br>9. – 16. desember | Nemandi geti<br>• beitt helstu málfræðihugtökum,<br>• flett upp í rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna<br>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka | Innlögn og upprifjun frá kennara; helstu orðflokkar, beygingar og einkenni orðflokka.<br><br>Vinna æfingar af Málið í mark<br><br>Nemendur undirbúa Kappsmál og nýta til þess rafrænar orðabækur. | Kappsmál – keppni og leikir í litlum hópum og bekkjarkeppni.<br><br>Málfræði-Alias. |
| **Lota 3 – ljóð**<br>6. jan. – 7. feb. | Nemandi geti<br>• Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.<br>•Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. | Nemendur lesa ýmiss konar ljóð, m.a. úr Með fjaðrabliki.<br><br>Greina ljóð í sameiningu með aðstoð kennara og fá þjálfun í beitingu hugtaka í bragfræði og myndmáli.<br><br>Sögur og ljóð lesin fyrir nemendur. | Orðaverkefni.<br>Frumsamið ljóð með rími.<br>Ljóð um ljósmynd.<br>Textaverkefni (velja listamann/konu, skoða texta og greina, kynna).<br><br>Kynning á textaverkefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lota 4 – lestur og bókmenntir**<br>10. feb. – 28. mars | Nemandi geti<br>•Lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.<br>•Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem<br>sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni með réttri stafsetningu og greinamerkjasetningu<br>•Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.<br>•Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.<br>•Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi | Bókin Akam, ég og Annika verður lesin í íslenskutímum að vori. Ýmis verkefni unnin í tengslum við bókina. | Verkefni tengd bókinni Akam, ég og Annika. |
| **Lota 5 – ritun**<br>31. mars – 2. maí<br><br>Páskafrí<br>14. – 21. apríl | Nemandi geti<br>•Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi.<br>•Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra með vefslóð | Nemendur vinna ritun út frá ljósmynd með ákveðnum fyrirmælum með áherslu á persónusköpun, umhverfi, sjónarhorn, flækju o.s.frv.<br><br>Nemendur afla upplýsinga um ákveðið málefni, segja frá með eigin orðum og vísa í heimild með vefslóð. | Ritun eftir ljósmynd.<br><br>Ritun út frá heimildum. |

<table>
<tr><td>Lota 6 – málfræði og orðaforði<br>5. – 23. maí</td><td></td><td>Einkenni og hlutverk orðflokka.<br><br>Unnið með orðtök og málshætti, áhersla á sagnorð og smáorðaflokkana.</td><td>Valin verkefni í málfræði<br><br>Verkefni og gagnvirkar æfingar á netinu<br><br>Orð dagsins valið og rætt út frá málfræði</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Akam, ég og Annika, Með fjaðrabliki, Ljóðasafnarinn (Skólavefurinn), Litabækurnar á Skólavefnum, Málið í mark (sagnorð+smáorð), valbækur.<br>Námsefni um ritun unnið upp úr Ritunarvefnum (MMS) og Skrifað í skrefum, ritunaræfingar og verkefni frá kennara.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf í formi bókstafa fyrir hvert hæfniviðmið og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</td></tr>
</table>

Tímaáætlun birt með fyrirvara um breytingar.